



AVEDA er fyrsta CO₂ hlutlausa fyrirtækið á Íslandi

Í apríl 2005 mun AVEDA á Íslandi í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur gerast fyrsta CO₂ hlutlausa fyrirtæki landsins. Reiknað hefur verið út hversu mikið af CO₂ fyrirtækið losar út í andrúmsloftið á ári hverju og hversu mörgum trjám þarf að planta til þess að vinna á móti menguninni sem það veldur.

Forsaga þessa samstarfs er sú að AVEDA hefur styrkt Skógræktarfélag Reykjavíkur til gróðursetningar undanfarin ár en Hrönn Guðmundsdóttir eigandi fyrirtækisins er mikil áhugamanneskja um skógrækt. Í apríl hvert ár er mánuður jarðar hjá AVEDA um allan heim þar sem starfsmenn fyrirtækisins safna fé til umhverfisverndunar. Síðastliðið ár söfnuðust 100.000 kr. á Íslandi en fyrir féð var blómstrandi trjám og runnum plantað í Heiðmörk.



Hrönn bar sig fagmannlega við gróðursetninguna síðastliðið vor.

AVEDA er alþjóðlegt fyrirtæki sem fylgir strangri umhverfisstefnu og er starfsfólk þess mjög meðvitað um losun CO₂ við flutning á vörum sínum milli landa og hefur reiknað það út að minni mengun hljótist af

því að flytja vörur sínar með skipum en með flugvélum. Umbúðir utan um vörurnar hafa verið hannaðar með það í huga að þær taki sem minnst pláss við flutning og geymslu. Þrátt fyrir þessar ráðstafanir mengar fyrirtækið þó alltaf eitthvað og ver það talsverðum fjármunum til gróðursetningar árlega til að draga úr þessari mengun og nú er komið að AVEDA á Íslandi að gerast CO₂ hlutlaust.

Skógræktarfélag Reykjavíkur mun gróðursetja 6600 tré í Heiðmörk sem munu taka upp 16,1 tonn af CO₂ á komandi árum. Starfsfólk AVEDA á



Hægt er að gróðursetja tré til þess að vinna á móti CO₂ mengun.

Útreikningar á CO₂-losun AVEDA á Íslandi

	CO ₂ -losun á ári	Gróðursetning
Flug með vörur	3,8 tonn	1550 tré
Flugferðir starfsmanna	7,3 tonn	3000 tré
Fyrirtækjabíll	5 tonn	2050 tré
Samtals	16,1 tonn	6600 tré

Fljótlega mun Skógræktarfélag Reykjavíkur bjóða einstaklingum og fyrirtækjum að gerast CO₂ hlutlaus. Fylgist með fréttum á heimasíðu félagsins, www.skograekt.is.

Íslandi getur þá haldið starfi sínu áfram með hreina samvisku.

Kyoto bókunin kveður á um að sporna eigi við mengun og hvetur einstaklinga og fyrirtæki um allan heim til þess að draga úr mengun og bæta fyrir þau gróðurhúsaáhrif sem nú þegar ógna tilveru okkar með því að gróðursetja tré og græða upp land.

Einstaklingum, sem áhuga hafa á að reikna út CO₂ losun sína, er bent á forrit sem Kristjana Bergsdóttir hefur gert og er aðgengilegt á www.ru.is/co2.



Tré gróðursett fyrir komandi kynslóð.



Fræðsluferð til Danmerkur og Svíþjóðar

Starfsmenn Skógræktarfélag Reykjavíkur brugðu undir sig betri fætinum í byrjun apríl og fóru í fræðslu- og skoðunarferð til Danmerkur og Svíþjóðar. Tilgangur ferðarinnar var að kynna sér útivistarsvæði, náttúruskóla, upplýsingamiðstöðvar og sögunarmyllur.

Sprengjur á útivistarsvæði!

Dagskrá ferðarinnar var fjölbreytt en ferðin tók í allt 6 daga. Á mánudeginum skiptum við liði og þeir Óli finnski skógarvörður, Einar og Gunnar skógarmenn fóru til Ölstykke og Stenlille á Sjálandi og skoðuðu þar tvær sögunarmyllur.

Á sama tíma fóru þau Helgi Gíslason framkvæmdastjóri og Herdís verkefnastjóri og kynntu sér útivistarsvæðið Kalvebod Fælled á Amager. Jes Aagaard landvörður fór með þau um svæðið og kynnti starfsemina. Svæðið er um 2000 ha að stærð og var friðað árið 1990. Svæðið var áður notað sem æfingarsvæði þar sem hermenn æfðu sig m.a. í að kasta handsprengjum. Í 10% tilfella springa sprengjurnar ekki og hafa því legið í jörðinni í fjölda ára. Af þessum sökum hefur umferð um svæðið verið takmörkuð og enn í dag mega gangandi vegfarendur ekki stíga út af merktum gönguleiðum. Vegna sprengjuhættu eru vinnuvélar ekki notaðar heldur eru leigðar kýr frá bónda í nágrenninu til að halda grasvexti í skefjum.



Kýr til leigu.

Hluti svæðisins hefur verið hreinsaður og er mikið notaður af skólabörnum. Tveir náttúruskólar eru á svæðinu og koma öll börn á skólaaldri í Kaupmannahöfn og Tårnby einhvern tíma á svæðið í náttúrufræðslu. Einnig hefur verið byggt sérstakt fuglahús fyrir grunnskólanema

þar sem þau geta fræðst um hið fjölbreytta fuglalíf á svæðinu.



Börn fræðast um fugla í sérútbúnu fuglahúsi.

Almenningur notar svæðið mikið og getur hjólað og gengið um svæðið að vild og fylgst með fuglalífi úr turnum sem byggðir hafa verið á mýrarsvæðum. Einnig mega allir veiða frítt í vötnum og lækjum svæðisins.



Hægt er að skoða fuglalíf mýranna úr turninum.

Ímyndaðu þér að þú sért skordýr

Hægt er að leigja sérútbúið, opið svefnskýli sem var byggt úti í miðjum skógi en það er hannað með það að markmiði að gera fólki kleift að sofa undir berum himni án þess að verða fyrir óþægindum af regni eða kulda. Í miðju skýlisins er eldstæði þar sem hægt er að kveikja eld og elda mat. Skýlið er afar vinsælt og mikið notað af eldri skólabörnum og skátum.

Til þess að draga fjölskyldufólk að svæðinu var fenginn landslagslistamaður frá Ítalíu til þess að útbúa leiksvæði fyrir börn og fullorðna. Svæðin voru opnuð síðastliðið haust og kom útfærsla svæðanna nokkuð á óvart. Listamaðurinn Alfio Bonanno útbjó 4 svæði sem hvert hefur sitt þema og bjóða upp á mismunandi möguleika í



Jan útskýrir notkunarmöguleika svefnskýlisins fyrir Helga.

leik og skemmtun. Á fyrsta svæðinu eiga börn að ímynda sér að þau séu skordýr inni í háu grasi, á öðru svæðinu er strandað skip með leiksviði, þriðja svæði er refagreni þar sem börn og fullorðnir geta setið við eldinn og sagt sögur og á fjórða svæðinu er hægt að sitja við eldstæði og elda mat í skjóli hrings sem myndaður er úr rötum trjáa.

Tók 5 ár að klára verkið

Á þriðjudeginum var keyrt til Hörsholm þar sem veiði- og skógminjasafnið er til húsa í gamalli hlöðu sem byggð var árið 1730. Veiðisafnið skartar m.a. metnaðarfullri sýningu á lífi frummanna sem voru uppi fyrir 14 þúsund árum. Áætlað var að klára sýninguna á innan við ári en listmálarinn, sem málaði umgjörðina, var svo vandvirkur að það tók hann 5 ár að klára listaverkið.



14 þúsund ára gamall fornmaður mundar bogann.

Fyrir 3 árum var opnuð nýbygging sem tilheyrir safninu en þar er að finna allt sem tilheyrir sögu skógræktar og nýtingu skóga í Danmörku. Skólabörn eru velkomin á safnið og er



Svæðin fjögur njóta mikilla vinsælda hjá yngri kynslóðinni.

hluti þess sérstaklega hannaður með þau í huga.

Miðvikudagurinn var notaður til þess að kynna sér starfsemi náttúru-miðstöðvar í Herstedhøje í Vesterskoven, en þangað er um hálf tíma akstur frá Kaupmannahöfn. Þar hittum við fyrir Stephan Springborg landvörð sem sýndi okkur svæðið. Miðstöðin er glæný en hún var opnuð síðastliðið haust og tekur á móti skólahópum frá Kaupmannahöfn og nágrannasveitarfélögum. Starfsfólk miðstöðvarinnar býður ekki upp á beina náttúrufræðikennslu heldur aðstoða þau kennara sem fara með nemendur sína í fræðsluferðir um svæðin. Hóparnir geta notað aðstöðuna innanhúss sem utan og fengið lánuð tæki og tól sem þau nota í ferðinni.



Nemendur í grunnskóla höggva í eldinn.

Ekki leiksvæði heldur „leikmöguleikar“

Vesterskoven er eitt vinsælasta úti-vistarsvæði í nágrenni Kaupmannahafnar en þar hafa verið útbúnir hólar og hæðir sem ná hæst 67 m hæð. Til samanburðar er Himmelbjerget, hæsta fjall Danmerkur, 147 m. Það er mjög vinsælt að ganga upp á hólinn og skoða útsýnið yfir Kaupmannahöfn. Til þess að koma til móts við óskir gesta um ásýnd skógarins var gerð skoðunarkönnun um hvernig trjám ætti að planta. Niðurstaðan var sú að 80% gesta vildu lauftré en 20% vildu barrtré. Við gróðursetningu skóganna var tekið mið af þessum óskum og er skógurinn 80/20 lauftré/barrtré. Umsjónarmennirnir vilja hafa skóginn eins náttúrulegan og unnt er og vilja ekki láta hanna svæðið um of, til dæmis er ekki boðið upp á salernisaðstöðu nema við inngang svæðisins og boðið er upp á „leikmöguleika“ í stað leiksvæða fyrir börn.

Inni í Vesterskoven er einkarekinn náttúruskóli þar sem Trine Nyrop-Larsen býður leikskólabörnum upp á náttúrufræðslu. Aðstaða innanhúss er einföld í sniðum en skógurinn fyrir utan er notaður sem skólastofa.



Helgi Gíslason nýtir sér leikmöguleika í Vesterskoven.

Börnin geta einnig skoðað hænur, geitur, ketti og hunda og farið á hestbak á smáhesti en inni fyrir eru mýs, naggrísir og snákur. Það er nóg að gera hjá Trine en öll leikskólabörn í nágrenninu koma 4-6 sinnum á ári á



Leikskólabörn borða nesti í skóginum.

svæðið og fá þá aukna fræðslu í hvert sinn sem þau koma.

Á fimmtudeginum var haldið yfir til Suður Svíþjóðar til að skoða Skryllgårdin sem er milli Malmö og Lundar. Svæðið hefur fest sig í sessi og er mikið notað allan ársins hring. Þar er veitingastaður og líkamsræktaraðstaða auk hefðbundinna útivistarmöguleika. Þar er einnig Naturrum sem finnst á flestum útivistarsvæðum í Svíþjóð en það er lítið hús með upplýsingum um náttúruna sem eru settar fram sérstaklega fyrir börn.

Starfsfólk Skógræktarfélagssins kom endurnært úr ferðinni, uppfullt af nýjum hugmyndum um hvernig best sé að haga starfsemi félagsins í Heiðmörk og hrinda í framkvæmd nýjum verkefnum. Við hvetjum lesendur Skógartíðinda til þess að kynna sér þessi svæði á ferð sinni um Danmörk og Svíþjóð.

Upplýsingar um svæðin má nálgast á eftirfarandi heimasíðum.

www2.skovognatur.dk/Jaegersborg/naturvejledning/naturvejledning.htm

www.jagtskov.dk

www2.skovognatur.dk/koebenhavn/naturcenter/besoeg/

www.skryllgaarden.se

Veraldarvinir í Heiðmörk

Síðastliðið sumar störfuðu 22 ungmenni frá sjálfböðaliðasamtökunum Veraldarvinum í Heiðmörk. Þau bjuggu í Elliðavatnshúsinu í tvær vikur og unnu m.a. að stígagerð og gróðursetningu og máluðu þar að auki Elliðavatnshúsið að utan.



Elliðavatnshúsin var málaður að utan og hér eru Clara, Elise og Gael að störfum.

Veraldarvinir eða Worldwide friends eru samtök sem stuðla að náttúruvernd og vináttutengslum sjálfböðaliðasamtaka um allan heim. Samtökin voru stofnuð árið 2001 með það að markmiði að stuðla að vináttu og friði milli þjóða með því að bjóða upp á samstarf sem eykur skilning og samvinnu milli manna. Veraldarvinir vinna að því að skapa jafnvægi milli



Það fór vel um veraldarvinina í fundarsal Skógræktarfélags Reykjavíkur.



Þær Solenne, Adrienne og Jenniffer frá Þýskalandi og Frakklandi stóðu sig vel í gróðursetningunni.

manna og náttúru og telja að það sé forsenda friðar í heiminum.

Verkefnin, sem sjálfböðaliðarnir starfa við, eru af ýmsum toga og beinast öll að náttúrunni á einhvern hátt. Sem dæmi má nefna unnu Veraldarvinir að landgræðslu, hreinsun stranda, göngustígagerð og gróðursetningu síðastliðið sumar.

Samtökin bjóða annarsvegar erlendum sjálfböðaliðum að vinna hér á landi en hinsvegar gera þau Íslendingum kleift að vinna við svipuð verkefni erlendis í samstarfi við



Veraldarvinir frá 13 þjóðlöndum störfuðu fyrir félagið í ágúst.

nokkur alþjóðleg samtök sem vinna vítt og breitt um heiminn. Meðal þeirra verkefna sem unnið hefur verið að undanfarin ár eru gerð fjallastíga í Nepal, verndun skjaldbakna í Kosta Ríka og endurgerð fornra mannvirkja í Grikklandi.



Í lok starfsins var haldin grillveisla fyrir hópin. Sabine frá Þýskalandi sá um grillið.

Sjálfböðaliðarnir, sem störfuðu í Heiðmörk í fyrra, komu frá 13 þjóðlöndum, þar á meðal frá Japan, Mexíkó, Frakklandi, Spáni, Kosta Ríka, Þýskalandi, Ítalíu og Finnlandi. Starfsmenn Skógræktarfélags Reykjavíkur voru ánægðir með samstarfið við ungmennin og vonast til að framhald verði á samstarfi þessu.

Nánari upplýsingar á www.wf.is.



Veðrið lék við sjálfböðaliðana sem fengu sér sundsprett í Elliðavatni.

Sjálfböðaliðar koma til starfa hjá félaginu

Á næstu vikum eru 3 sjálfböðaliðar væntanlegir til starfa hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur á vegum UFE (Ungt fólk í Evrópu) sem er áætlun styrkt af Evrópusambandinu en alls eru 30 Evrópulönd aðilar að áætluninni. Sjálfböðaliðarnir eru allir 25 ára og munu dvelja hér fram að áramótum og vera starfsfólki félagsins innan handar við ýmis verkefni.

Sjálfböðaliðarnir eru þau Lucia frá Spáni, Simon frá Frakklandi og Martin frá Slóvakíu. Lucia hefur háskólapróf í umhverfisfræðum frá Háskólanum í Madrid og hefur sérstakan áhuga á verndun umhverfisins. Hún hefur starfað við Staðardagsskrá 21 á Spáni og hefur einnig reynslu af náttúruljósmyndun. Þekking hennar á því eftir að nýtast starfsemi félagsins á margan hátt. Simon

hefur meistaraþráðu í landafræði með áherslu á umhverfi og skipulag. Hann hefur mikla tölvuþekkingu og mun eflaust nýtast félaginu við skipulagsvinnu í Heiðmörk. Martin kemur frá Slóvakíu, er lærður vélvirki og hefur áhuga véllum af öllum stærðum og gerðum. Hann mun verða hægri hönd Óla finnska skógarvarðar og sjá til þess að tæki félagsins verði í topplagi í allt sumar.